

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/345

2016/EES/27/09

frá 2. mars 2015

um breytingu á ákvörðunum 2009/563/EB, 2009/564/EB, 2009/578/EB, 2010/18/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tiltekna vörur

(tilkynnt með númeri C(2015) 1286) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum c- lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB ⁽²⁾ fellur úr gildi 30. júní 2015.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB ⁽³⁾ fellur úr gildi 30. nóvember 2015.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/578/EB ⁽⁴⁾ fellur úr gildi 30. nóvember 2015.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB ⁽⁵⁾ fellur úr gildi 31. desember 2015.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB ⁽⁶⁾ fellur úr gildi 28. apríl 2015.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB ⁽⁷⁾ fellur úr gildi 28. apríl 2015.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB ⁽⁸⁾ fellur úr gildi 24. júní 2015.
- 8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB ⁽⁹⁾ fellur úr gildi 28. júní 2015.
- 9) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna, og hve viðeigandi þær eru, sem og kröfurnar um mat og sannprófun sem til heyrja, sem komið var á með ákvörðunum 2009/563/EB, 2009/564/EB, 2009/578/EB, 2010/18/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB. Þar eð núverandi vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem eru settar fram í þessum ákvörðunum, eru enn í endurskoðun er rétt að framlengja þennan gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og þessara tilheyrandi krafna um mat og sannprófun. Vegna mismunandi stíga endurskoðunarferlisins ætti að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2009/563/EB, til 31. desember 2015 og framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðunum 2009/564/EB, 2009/578/EB, 2010/18/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB, til 31. desember 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/563/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir skófatnað (Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 27).

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/564/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir tjaldstæði (Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 36).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/578/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gístiaðstöðu í ferðaþjónustu (Stjtið. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 57).

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB frá 26. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr viði (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 32).

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélur (Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22).

⁽⁷⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni (Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

⁽⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir handuppþvottaefni (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 40).

⁽⁹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB frá 28. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir allhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 52).

- 10) Því ætti að breyta ákvörðunum 2009/563/EB, 2009/564/EB, 2009/578/EB, 2010/18/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/563/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „skófátnaður“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2015.“

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2009/564/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „tjaldstæði“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

3. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2009/578/EB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „gístaðstaða í ferðaþjónustu“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2010/18/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „gólflæðningar úr viði“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

5. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/263/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

6. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/264/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

7. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/382/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „handuppþvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

8. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/383/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2016.“

9. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.
